

1.1 SKIPULAG Í REYKJAVÍK

1.1.1 Rannsóknir í skipulagssögu borgarinnar

1.1.2 Spár um framtíð borgarinnar

1.1.3 Glæruaðferð við skipulag framtíðarsvæða

1.1.4 Aðalskipulagstillaga fyrir Reykjavík 1977

1.1.5 Aðalskipulag fyrir svæðin NA Grafarvogs

1.1 SKIPULAG Í REYKJAVÍK (7 síður)

1.1.1 Rannsóknir í skipulagssögu borgarinnar

Áhugaverðar niðurstöður rannsókna TV í skipulagssögu koma t.d. fram í þremur bóka hans:

Úr bókinni: „REYKJAVÍK VAXTARBRODDUR“ (1986), sem er fyrsta skipulagssaga Rvk. Þróun líst í grunninn, út frá 9 „aðalskipulags“-uppdráttum.

Pdf-bók: [https://notendur.hi.is/.../Reykjavik_vaxtarbroddur_throun ...](https://notendur.hi.is/.../Reykjavik_vaxtarbroddur_throun...) Hljóðbók í upplestri TV: <https://notendur.hi.is/.../Audiobooks/vaxtarbroddur.mp3>

MIKILVÆGAR NIÐURSTÖÐUR:

- a) BRUNINN 1915 innleiðir steinsteypuöldina. (RVaxtarbr. Bls. 39);
- b) Guðm. Hannesson kynnir hugmyndir garðborgastefnunnar. (RVaxtarbr. Bls. 39);
- c) Tilkoma Hafnarinnar 1917, leiðir til að útgerð og fiskvinnsla á ströndinni, flyst inn í hana. (RVaxtarbr. Bls. 43-44);
- d) Út- og innflutningsfyrirtæki þróast við Höfnina, lóðaverð hækkar, sem ýtir íbúðarþróun út í úthverfin. (Bls. 43-44);
- e) Vegna lóðakorts í Kvos eru stofnanir dreifðar, og því stefnt að mótun stofnanasvæða; Zóning. (Háborg, Landspítalaskvæði, Stjórnarsvæði við Arnarhvol). Guðjón Samúelsson vinnur að borgarhönnun þeirra svæða. (RVaxtarbr. Bls. 43-44);
- f) KREPPAN LEIÐIR TIL að haldið er meira í gömlu byggðina. (Bjargar frá víðtæku niðurrifi sem skipulagið 1927 áætlaði) (RVaxtarbr. Bls. 47);
- g) ÁHRIF KREPPU: Haldið meira í ræktunarsvæði. Lítil nýbýli til að auka landbúnað. (Slík svæði, og erfðafestulönd síðar, leiða síðar til að græn svæði eru víða, og byggðin dreifist meira en ella). (RVaxtarbr. Bls. 50);
- h) LANDIÐ HERNUMIÐ 1940: Herinn tekur auð svæði undir herkampa; hætta fyrir borgarana. Leiðir líka til þess að fara verður lengra til að byggja ný hverfi. (RVaxtarbr. Bls. 54);
- i) SKIPULAGIÐ 1948: Zóning, umferðarkerfi í þrjá flokka, úthverfaskipulag, geysileg græn svæði. Hugmyndir um háhýsasvæði. Bretar byggja flugvöll í Vatnsmýri. Fiskihöfn áætluð við Kirkjusand. (RVaxtarbr. Bls. 55); j) SKIPULAGIÐ 1957: Flugvöllur víki. Nánari útfærsla Skipul. '48: Tengibrautir, húsagötur, slaufu- og botnlangagötur, punkthús. Iðnsvæði áfram inn með Grafarvogi. (RVaxtarbr. Bls. 60-61);
- k) LESIÐ Í hvað STÓRKARLALEGAR HAFNARHUGMYNDIR í öllum Sundunum þýða. (RVaxtarbr. Bls. 62); l) Ljóst verður UM 1960 að skipulagið er „sprungð“, og leita verður út fyrir nesið með byggð. Danir fengnir til að aðstoða við skipulag, sem leiðir til DANSKA

SKIPULAGSINS FRÁ 1965: Stórbrotið stofnbrauta kerfi í gegnum miðbæinn. Svæði NA Grafarvogs öll undir iðnað, en svefnhverfi upp á heiðar. Greining á þessu. (RVaxtarbr. Bls. 63-65);

m) SKIPULAG ÞRÓUNARSTOFNUNAR 1977: Náttúrufarsgreining norðaustan Grafarvogs. Almenn byggð þar. Hætt við stórar umferðaræðar í gegnum miðbæinn og víðar. Austurstræti göngugata. Mótmæli við niðurrifi Torfunnar, Grjótaþorps og víðar. Gerð „Áætlun um umhverfi og útivist“. Skref í að taka strönd undan iðnaði. (RVaxtarbr. Bls. 71-76); n) Lýst hve skortur samvinnu um skipulag á hbsv er slæm. (RVaxtarbr. Bls. 79);

o) SKIPULAG BORGARSKIPULAGS 1982: Greining á hvernig pólitík leikur skipulag; Hætt við öll helstu prójekt Sjálfst.fl.: Kringluna, háhýsi við Skúlagötu, næstu íbúðarsvæði verði ekki NA Grafarvogs heldur við Rauðavatn (sprungur hætta!), iðnsvæði aftur í Geldinganesi, þétting byggðar, sem Sjálfst.fl. snýst gegn; t.d. í Laugardal. (RVaxtarbr. Bls. 87-92);

p) NÝTT AÐALSKIPULAG NA GRAFARVOGS 1983: Sjálfst.fl. endurvekur sín gömlu mál; Kringluna, háhýsi við Skúlagötu, næstu íbúðarsvæði NA Grafarvogs. (RVaxtarbr. Bls. 95-100);

VANGAVELTUR TV UM FRAMTÍÐINA Í VAXTARBRODDI 1986, á bls. 103: „Við stöndum nú, við þröskuld nýrrar tæknialdar, það er öld örtölvu og fínofins upplýsingastreymis. TÖLVUÖLDIN MUN halda áfram því hlutverki tæknialdar að létta okkur störf. Mannlífið verður því ekki eins steyp í sama mót, í þá dauðflislegu einhæfingarstefnu, sem...“. „... VÍSIR FRAMTÍÐARÞJÓDFÉLAGS, eru hverfi golf-, báta-, hesta-, og flugfólks. Grundvallareinkenni slíkra hverfa eru hin sömu: Valinn er staður sem hentar best þessu lífi, við vatn sjó og í fögru umhverfi...“. „Það var eitt af einkennum borga framtæknialdar að þá SKAPAÐIST MIKIL FLUTNINGA- OG FERÐAÞÖRF um borgirnar...Með tölvum og betri samskiptatækni á þetta eftir að breytast gífurlega og fólk mun geta ANNAST OG AFGREITT FLEST MÁL HEIMA HJÁ SÉR við tölvuskjáinn... MINNKI ÞÖRFIN Á AÐ DRAGA FÓLK SAMAN í fjölbýlar borgir. En svo mikið er víst að þetta leiðir til þess að BÍLAUMFERÐ MUN MINNKA...“. (RVaxtarbr. Bls. 103).

Bókin „SKIPULAG BYGGÐAR Á ÍSLANDI“ (2002), er SAGA SKIPULAGS- OG BYGGÐARÞRÓUNAR... „Frá landnámi til líðandi stundar.“

Pdf-bók: <https://notendur.hi.is/.../Books/Skipulag%20byggdar.pdf> Hljóðbók er á Storytel í lestri Péturs Eggerz.

Áhersla er lögð á að lýsa hvernig byggð og bæir MÓTAST ÚTFRÁ NÁTTÚRUFARS- AÐSTÆÐUM. T.d. hafa auðlindir aðdráttarafl, og menn læra að forðast svæði þar sem náttúruvá er mikil. Byggðin mótast líka út frá eignarhaldi, stjórnsýslueiningum, bestu aðstæðum til samgangna osfrv. Bókin er einnig stutt SKIPULAGSSAGA BÆJA OG SVÆÐA. Aftast er SKIPULAGSMANNATAL, með æviágripi og mynd 111 einstaklinga.

MIKILVÆGAR NIÐURSTÖÐUR í bókinni (Aðeins örfá atriði nefnd):

a) STAÐARVAL REYKJAVÍKUR er mjög gott út frá náttúruforsendum við landnám. (SkipBy. Bls.51);

b) FJÓRTÁN ÁSTÆÐUR ÞESS hve þéttbýlið myndaðist seint. (Bls.96-97);

- c) FLUTNINGUR STOFNANA til Reykjavíkursvæðisins er mikilvægur þáttur í því að hbsv nær að dafna. (SkipBy. Bls. 108);
- d) SKIPULAGIÐ FRÁ 1948 hefur öll verstu einkenni módernísks skipulags. (SkipBy. Bls. 133);
- e) ÁHRIF KREPPU OG SEINNI HEIMSSTYRJALDAR á skipulagið (Bls.129).
- f) Skipulagi beitt til AÐ NÁ MEIRI UMHVERFISGÆÐUM. (SkipBy. Bls. 380).

Bókin „MÓTUN FRAMTÍÐAR“ (2015), er STARFSSAGA TV og um leið skipulags- og hönnunarsaga sl. 50 ára.

Pdf-bók: <https://notendur.hi.is/tv/Content/Books/Book.pdf> Hljóðbók er á Storytel í lestri Jóhanns Sigurðarsonar og á Hljóðbókasafni í lestri TV.

Sagan er sett í samband við FÉLAGS- OG HUGMYNDAÞRÓUN Í HEIMINUM, sérstaklega sl. 50 árin. Grunnur umhverfisvæns skipulags. Í bókinni er gefið yfirlit um FRAMLAG TV til skipulags Reykjavíkur, hbsv, SV-lands og landsins í heild. – TV hefur jafnan sett áherslu á skipulag samgöngukerfa. - Þróun og skipulag Evrópu og heimsins. Einkum út frá því, HVERNIG HNATTRÆNN HLÝNUN mun hafa áhrif á hvernig byggðamynstur landa, og hnattarins í heild, munu breytast og þróast.

MIKILVÆGAR NIÐURSTÖÐUR í bókinni: Fyrsta atriðið sem er útskýrt, er HUGMYNDAFRÆÐILEGUR GRUNNUR:

a) „Sú mikla áhersla sem ég hef ætíð lagt á NAUÐSYN LANGTÍMASÝNAR og að horfa - um leið - til hinnar stærri heildarmyndar, einkennir mikilvægustu störf mín... Mér varð snemma ljóst að SKIPULAGSGENIÐ VANTAR ILLILEGA Í OKKUR ÍSLENDINGA. Þetta kemur einkum fram í því að langtímasýnina vantar og eins það, að við eigum erfitt með að vinna skipulega – jafnvel við gerð skipulagsáætla...“. (MótFramt. Bls. 9);

b) „... Þar kynntist ég, í kennurunum, fyrstu sósíalístunum... Mér er minnisstætt HVE ILLA ÞEIR TÖLUÐU UM EINAR FRÆNDA MINN (myndhöggvara) OG GUÐJÓN HÚSAMEISTARA... Í Evrópu allri voru reyndar tímar módernisma og alþjóðahyggju. Rótin að módernismanum kemur úr sósíalímanum, og þetta tvennt þroskaðist í andófi við þjóðernisstefnu og fasisma... VAR HIÐ TRÚARLEGA, TÁKNRÆNA OG UPPHAFNA ÚTHRÓPAÐ, og kubba- og klessustíllinn hafinn til skýjanna. Einar frændi minn (myndhöggvari), hefur lýst vel þeim árásum sem hann varð fyrir í endurminningum sínum... Í ARKITEKTÚR BIRTIST MÓDERNISMINN Í KASSABYGGINGUM á borð við Hafnar- og Landsímahúsin, sem kuldahroll leggur frá... Öld hinnar steinsteyptu klassíkur stóð ca. frá 1916 til 1930, en þá náði hin dauða hönd módernismans yfirhöndinni...“. (MótFramt. Bls. 17);

c) „Eitt einkenni þeirrar kristnu heimsmyndar sem ég mótaðist af í æsku, var AÐ SKIPTA ÖLLU UPP Í ANDSTÆÐUR...“. (MótFramt. Bls. 18); d) „... haustið 1967, var pólitísk BYLTING HAFIN Í FORYSTUSVEIT STÚDENTA og þeir orðnir krítískir á það sem þeir kölluðu lítilmótlega þjónkun við kapitalíska yfirstétt...“. (Bls. 30). e) „... Víða á veggjum skólans stóðu því þessi skilaboð: „Arkitekten, hört auf zeichnen, denkt!“ – „ARKITEKTAR, HÆTTIÐ AÐ TEIKNA, HUGSIÐ!““. (MótFramt. Bls. 31).

GAGNRÝNI Á MÓDERNISMANN:

a) „... Í hinum frjálsu listum er slík dillustefna tiltölulega meinlaus, því mjög fáir lesa t.d. módernískar bókmenntir (Joyce, Kafka...), en í arkitektúr LEIDDI MÓDERNISMINN TIL KALDRA, ÓMANNESKJULEGRA BYGGINGA OG BORGA...í anda Grópiusar, skólastjóra BAUHAUS á 3. áratug síðustu aldar, EN ÞAR VAR MÓDERNÍSKA ÓFRESKJAN Í ARKITEKTÚR BÚIN TIL AÐ VERULEGU LEYTI... og er ekki mjög skrítið að hún eigi þýskar rætur eins og nasisminn... “. (MótFramt. Bls. 36).

b) „Það er merkilegt að það skyldi vera ARKITEKTÚRINN SEM VELTI NOKKRU AF OKI MÓDERNISMANS AF ÞJÓÐUM HEIMSINS. Upphafsmáðurinn að því var Róbert Venturi arkitekt, með bók sinni „Learning from Las Vegas“ (1972)... í ferðum mínum (TV) TIL AUSTUR-BERLÍNAR. Þar BLASTI MÓDERNISMINN VIÐ Í SINNI VERSTU MYND, Í NÝJU HÁHÝSAÚTHVERFUNUM. - BREIÐHOLT III (HÓLA- OG FELLAHVERFI) ER ÍSLENSK ÚTGÁFA AF ÞESSU, enda var aðalhöfundur þess, Geirharður Þorsteinsson, mikill sósíalisti og spýtukall.“. (MótFramt. Bls. 36-37).

VANDAMÁL BORGAR OG SAMFÉLAGS:

a) „... VIÐ HIPPARNIR SKILDUM ÞAU ÞÓ LÍKLEGA HELDUR BETUR en yfirvöldin og prófessorarnir. Skipulag borga eftir stríð var skelfilegt fyrirbæri. Nú var t.d. farið, í Berlín, að reisa óhugnanleg háhýsaúthverfi, sem voru nánast hrein svefnhverfi...”

b) „... eitri út í umhverfið til að halda illgresi og meindýrum niðri... RACHEL CARSON, GAF ÚT BÓK 1962... Leiddi þessi litla bók til umhverfisvakningar og EINHVERRAR MESTU BYLTINGAR Í HUGSUNARHÆTTI SEM ÞEKKIST Í SÖGUNNI...“. (MótFramt. Bls. 44).

c) „... Frægust... er „The City is not a Tree“ (1965)... Með „tré“ á Alexander ekki við venjulegt tré, heldur er þetta orð úr stærðfræðinni um stigskiptan (hierarkískan) strúktúr... sýnir Alexander fram á að þetta stærðfræðilíkan aðgreiningar, hafi ráðið miklu um hvernig borgarskipulag er greint í hólfi; til að sofa í, vinna í, versla í o.s.frv. – þætti, sem ættu í raun að fléttast saman... Þessi aðgreining á starfsemi á sér þó eldri rætur, þ.e. í iðnbyltingunni, þegar beita varð aðgreiningu (zoning) í skipulagi til að t.d. kolaver væru ekki of nálægt íbúðarsvæðum...“. (MótFramt. Bls. 46).

UMHVERFISVAKNING - ÞRÓUNARSTOFNUN SETT Á FÓT:

a) „Árið 1965 hafði verið samþykkt NÝTT AÐALSKIPULAG FYRIR REYKJAVÍK, sem aðallega var unnið af dönskum ráðgjöfum. Þeir höfðu bent á að líta þyrfti á höfuðborgarsvæðið sem eina heild... Hjálpuðu Danirnir við vinnu að svæðisskipulaginu jafnframt gerð skipulagsins fyrir Reykjavík...”

b) „... en FRÁ 1965 TIL 1972 HAFÐI ORÐIÐ MIKIL BREYTING Á HUGMYNDUM UM SKIPULAG. UMHVERFISHREYFINGIN HAFÐI ÞAR HVAÐ MEST ÁHRIF.“ (MótFramt. Bls. 55);

c) „Einnig voru komnar upp sterkar RADDIR UM VERNDUN GAMALLAR BYGGÐAR, AUKIN GAGNRÝNI Á FYRIRFERÐ EINKABÍLSINS og MJÖG GAGNRÝNIN AFSTAÐA TIL SVEFNÚTHVERFA... Öll þessi atriði voru komin fram um fimm árum fyrr í Evrópu, og var það HÖRMULEGT AÐ VERA AÐ FRAMKVÆMA SKIPULAG Í ÞESSUM MÓDERNÍSKA ANDA

eftir að aðrar þjóðir höfðu lært af biturri reynslu, hverskonar voði var hér á ferð...". (MótFramt. Bls. 55);

d) „... en einnig VAR BÍLISMINN SVO KYRFILEGUR Í REYKJAVÍK að í borgarstjórn var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum; „að taka verði svo mikið tillit sem unnt er, til áhuga almennings á að eignast bifreið og komast leiðar sinnar af eigin rammleik.“ (MótFramt. Bls. 55);

e) „... En nú stóð til AÐ TAKA SKIPULAGSMÁLIN UPP Á NÝ með að koma á fót Próunarstofnun... að taka skipulagið frá 1965 TIL RÓTTÆKRAR ENDURSKOÐUNAR. Brýnt var... að fara að huga að því HVAR NÝ BYGGÐ SKYLDI RÍSA EFTIR AÐ BREIÐHOLTIN væru orðin fullbyggð í lok áratugarins...“. (MótFramt. Bls. 55);

f) „... UPPBYGGING BREIÐHOLTANNA hafði orðið MIKLU HRAÐARI... vegna útrýmingar bragganna, kjarasamninga 1965 og vegna almennt aukinnar velmegunar, sem leyfði ungu fólki að flytjast úr kjallara- og risíbúðum í nýju hverfin... þýddu mikla útþynningu á gömlu byggðinni. Nam þetta 15 þúsund íbúum á sama tíma og Breiðholtin uxu upp í 20 þúsund íbúa... ÞÝDDI ÞESSI ÚTPYNNING BYGGÐARINNAR MIKLU DÝRARI BORG Í ÖLLUM REKSTRI...“. (MótFramt. Bls. 56).

HÖFÐU ORÐIÐ GJÖRBREYTINGAR Í VIÐHORFUM... :

a) „... til einkabílsins, arkitektúrs, skipulags og gamalla bygginga. Dæmi um þetta eru MÓTMÆLIN þegar Seðlabankinn hafði látið hanna steinkumbalda á lóð hins stórkostlega húss Thors Jensens, að Fríkirkjuvegi 11, sem átti því að rífa. Brutust fram geysileg mótmæli við þessu og Seðlabankinn hörfaði út á Arnarhól þar sem hann lét hanna annað skrímsli; píramída á hvolfi!“. (MótFramt. Bls. 57);

b) „... Valhöll sjálfstæðismanna og Þjóðarbókhlaðan ERU Í ÁLÍKA LOKUÐUM OG MASSÍFUM VIRKISSTÍL, sem er mjög lýsandi fyrir afstöðu þeirra sem réðu þarna ríkjum, þ.e. að búa um sig afskornir frá umhverfinu, í góðri og öruggri fjarlægð frá skrílnum...Hin nýja sýn til arkitektúrs og gamallar byggðar, kristallaðist einna best í byggingarmálum Bakarabrekkunnar. Þar hafði ríkið ÁÆTLAÐ AÐ LÁTA RÍFA BERNHÖFTSTORFUNA og byggja sex hæða stjórnarráðsskrímsli úr steypu og gleri.“. (MótFramt. Bls. 57).

FLUGVALLARMÁLID:

„... Mér er sérstaklega minnisstæð... heimsókn til flugvallarstjórans, Gunnars Sigurðssonar. Hann var mjög óánægður með mig, og lá ekki á því... Almennt sagt eru flugvallarmenn ósvífnasta sérhagsmunaklíka sem ég hef kynnst í allri vinnu minni að skipulagsmálum í Reykjavík, gjörsamlega firrtir áhuga á hagsmunum Reykjavíkur, sem eru þó mjög ríkir í flugvallarmálinu...“. (MótFramt. Bls. 59).

MÓDERNISMINN VS. NÝ BYGGÐARSVÆÐI NA GRAFARVOGS:

a) „... Það sorglega er þó, að dönsku ráðgjafarnir voru ekki farnir að átta sig Á GÖLLUM HUGMYNDAFRÆÐI MÓDERNÍSKS SKIPULAGS, eins og það var víðast framkvæmt á eftirstriðsárunum... þar sem oft urðu til GETTÓ FYRIR HINA TEKJULÆGRI, og svo af aðgreiningu íbúðar- og atvinnuhverfa, sem kallaði á miklar hraðbrautir til að flytja fólk á milli. Þessari hugmyndafræði fylgdi líka mikið ónæmi fyrir gildi gamallar byggðar, sem

LEIDDI TIL NIÐURRIFS OG LAGNINGU STÓRRA AKBRAUTA Í MIÐBÆJUM. (MótFramt. Bls. 57);

b) „... Mér var fengið verkefnið AÐ UNDIRBÚA SKIPULAGNINGU SVÆÐANNA NORÐAUSTAN GRAFARVOGS. Eins og alltaf á að gera í skipulagi, höfðum við ramma athugunarsvæðisins mun víðari en skipulagssvæðið sjálft. Nefndum við þetta svæði Úlfarsfellssvæðið...“ (MótFramt. Bls. 61);

c) „... Árið 1969 kom út bók... eftir Ian McHarg; DESIGN WITH NATURE (Hönnum með náttúrunni!). BÓK ÞESSI OLLI BYLTINGU Á ÞVÍ, HVERNIG NÝ BYGGÐARSVÆÐI ERU SKIPULÖGÐ, sem er að fyrst eru allar náttúrufars- og umhverfisstofur kannaðar og kortlagðar... og skipulagið síðan lagað að því...“ (MótFramt. Bls. 61);

d) „... Eitt stærsta VANDAMÁLIÐ við skipulag svæðisins var AÐ VESTURLANDSVEGUR LIGGUR Í GEGNUM ÞAÐ. Til að draga úr umferðarmagni og aðskurðaráhrifum vegarins, KOM ÉG MEÐ HUGMYND að NÝJUM AÐALVEGI Á SVÆÐINU ÚTI Á NESJUNUM MEÐ BRÚM yfir vogana. Þetta tel ég eina af bestu skipulagshugmyndum mínum...“ (MótFramt. Bls. 62);

e) „... undir Úlfarsfelli... Við vissum að byggðin myndi teygja sig áfram austur með fjallinu í framtíðinni eins og áform eru um nú. Settum við því niður NÝJAN MIÐBÆ fyrir hina 45 þúsund manna byggð, miðbæ sem liggja átti BEGGJA VEGNA VESTURLANDSVEGAR og tengjast undir, og yfir hann, TIL ÞESS AÐ MINNKA AÐSKURÐARÁHRIF HANS...“ (MótFramt. Bls. 62).

OPIN SVÆÐI FYRIR ATHAFNIR OG FEGRUN:

a) „... Birgir Ísleifur Gunnarsson... borgarstjóri... ákvað... stóráttak í þessum málum... Vorum við á ÞRÓUNARSTOFNUN OG GARÐYRKJUSTJÓRI láttin hefja verkið með GERÐ ÁSTANDSÚTEKTA. Leiddi þessi vinna til áætlunarinnar Umhverfi og útivist „Grænu byltingarinnar“, sem varð aðalkosningamálið vorið 1974...“ (MótFramt. Bls. 63);

b) „... Nokkur SÝNISHORN AF LÝSINGUNNI: „Nærri öll NORÐURSTRÖNDIN ER SVO AÐ SEGJA ÓAÐGENGILEG strandsvæði...“ (MótFramt. bls. 17). Annað dæmi: „Það þekkja allir að OPNU SVÆÐIN í borginni KOMA NÚ AÐ MJÖG LITLUM NOTUM BORGARANNA...“ (MótFramt. Bls. 61);

c) „... Hvað varðar áherslur í sköpun aðstöðu á opnu svæðunum, segi ég: „...að leggja (skuli) mikla áherslu á AÐ STUÐLA AÐ SJÁLFVIRKNI – að skapa þá aðstöðu sem þarf til að koma hinni ýmsu félagsstarfsemi af stað. að aðstaðan sé ekki hönnuð fyrir tiltekna þrönga starfsemi, heldur sé hún almenn aðstaða sem gefi notendum tækifæri til að móta notkun sína sjálfir. Er þetta SKYLT SJÁLFBÆRNIHUGSUNINNI Í DAG...“ (MótFramt. Bls. 63);

d) „... Var t.d., í viðbót við tillögur um opnu svæðin, lagt til AÐ FÁ VIÐEY UNDIR LÖGSÖGU BORGARINNAR, endurreisa húsin, og að gera eyjuna að útivistarsvæði. Auk þess var LAGT TIL AÐ GERA SKÍÐASVÆÐI Í BLÁFJÖLLUM... Mikil áætlun var jafnframt gerð um KERFI GÖNGU- OG HJÓLREIÐASTÍGA um allt borgarlandið... Núna eru stjórnáttaksmenn í borginni að berja sér á brjóst fyrir áttak í eflingu hjólreiða og göngu, en slíkt áttak hefði ekki verið mögulegt ef Birgir Ísleifur og við starfsmenn hans, hefðum ekki

mótað sýnina og hafið uppbyggingu...". (MótFramt. Bls. 65).

SPILLT STRÖND - HAFNIR OG BÁTAAFNIR:

a) Nokkru áður en við á Þróunarstofnun hófum vinnu að nýju skipulagi, var ÁSTAND SKOLPMÁLA VIÐ STRENDUR BORGARINNAR ORÐIÐ SKELFILEGT. Dönsk stofnun, Isotopcentralen, var fengin til að rannsaka mengun sjávarins...".

b) „... Árið 1948 var gerður NÝR SKIPULAGSUPPDRAÐTUR fyrir Reykjavík þar sem strandlínan kemur við sögu (þeir fyrri voru frá 1927 og '37). Þetta er skelfilegur uppdráttur því þarna er mótuð stefna sem LEIDDI SÍÐAR TIL ALLRA VERSTU SKIPULAGSVANDAMÁLA Í REYKJAVÍK: Útblásið hraðbrautakerfi, aðgreining starfsemi eftir svæðum (zoning), of stór græn svæði, og svo var öll norðurströndin áætluð fyrir iðnað... Iðnaðarbeltið á ströndinni, og síðar hraðbraut sem lögð var þar, hefur leitt til þess að hvergi er beint aðgengi að þessari löngu strandlengju..." (MótFramt. Bls. 54).

c) „Fyrsta verkefnið sem Hilmar fól mér, var að skoða EIÐSGRANDASVÆÐIÐ og skrifa skýrslu... (svæðið var) ÁÆTLAÐ SEM IÐNAÐAR- OG VÖRUGEYMSLUSVÆÐI, og voru þarna komnar skemmur Hafskips og SÍF... lýsti ég hvað þyrfti að hafa í huga við skipulag íbúðarbyggðar þarna, t.d. er varðar tengsl við Vesturbæinn. Var Hilmar svo ánægður með starf mitt að þessu að hann nefndi mig „gullfót“...

d) Breyting okkar á þessu NORÐURSTRANDARSVÆÐI ÚR IÐNAÐI Í ÍBÚÐARBYGGÐ, var fyrsta skrefið í erfiðri áratuga þróun. Næst breyttum við svæðinu VIÐ SKÚLAGÖTU, á líkan máta, úr iðnaðar í íbúðarbyggð, ÞÁ BORGARTÚNI og LOKS KIRKJUSANDI...Eitt af því sem okkur líkaði illa í skipulaginu var að á ströndunum skyldu vera fjórar olíuhafnir; í Laugarnesi, í Skerjafirði, við Klöpp og í Örfirisey.

e) Gerðum við, og hafnaryfirvöld, áætlun um að leggja þrjár hafnanna niður og flytja starfsemina í Örfirisey... Áætluðum við mótorbátahöfn vestan við eiðið í Eiðsvík og seglbátahöfn hinum megin, inni í Leiruvogi...". (MótFramt. Bls. 67-68).

HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ OG FLUGVÖLLUR Á LÖNGUSKERJUM:

a) „... Aðalgallinn á höfuðborgarsvæðinu er að ENGIN YFIRSTJÓRN (er til þar)... Tillögurnar hafa því alltaf verið bragðdaufar og alls ekki tekið að gagni á þeim málum sem skipta heild svæðisins mestu. AF ÞESSU MÁ NEFNA FLUGVALLARMÁLIÐ...Fyrstu greinina birti ég í Lesbók Mbl í ágúst 1973. Hér koma brot úr greininni, til að reifa stærstu viðfangsefnin: „Höfuðvandamál umferðarinnar stafa... einkum af tangaformi borgarinnar..." og kynnti ég síðan hugmynd um að tengja „tangana“ Álftanes og Seltjarnarnes saman: „Vil ég þar fyrst koma fram með tillögu um umferðarbraut á brú og uppfyllingu frá Álftanesi yfir til Vesturbæjarinnar í Reykjavík... en með þessari leið komumst við aftur fyrir aðalumferðartappana á Hafnarfjarðarveginum og í Reykjavík"... Síðan held

ég áfram: „Annað meginatriði er... að beina gegnumumferðinni... á vegi fyrir ofan byggðina...”. (MótFramt. Bls. 69).

b) „... Í Lesbókargreininni ræði ég – í framhaldi af hugmyndinni að tengja „tangana” – möguleikann á AÐ BÚA TIL ÞÉTTBÝLISHRING Í KRINGUM SKERJAFJÖRÐINN, en með þessu mundi flugvallarsvæðið komast í lykilstöðu: „FLUGVALLARSVÆÐIÐ HEFUR STÓRKOSTLEGA EIGINLEIKA... Miðbæjar- og Tjarnasvæðið mundu geta öðlast þar eðlilegt áframhald...”. (MótFramt. Bls. 71).

HUGMYND TV UM FLUGVÖLL Á LÖNGUSKERJUM:

a) „... lagði ég mig mjög eftir að finna lausn... Bingó! Þarna smullu öll fimm þrepin saman; 1) Ódýr uppfylling vegna grunnsævis 2) nauðsynlegur vegur yrði ódýr 3) aðflug úr þremur áttum yrði yfir sjó, 4) meiri hluti hávaðasvæðanna yrði einnig yfir sjó og 5) uppfyllingin yrði ódýr vegna ódýrra frákastsefna. Sem sagt: Þetta var rétti staðurinn fyrir flugvöll!...”. (MótFramt. Bls. 71).